

athug-a so. *vb.-a* – *kalla*
[-aði]

– viltu athuga hvort allt er rétt?

‡ • hugsa, hugur, athugasemd, athygli

víkja so. *sb.-1* – *grípa*
[veik, vikum, vikið]

– hjólreiðamaðurinn vék fyrir
bílnum

‡

tog-a so. *vb.-a* – *kalla*
[-aði]

– það má ekki toga í hárið!

‡ • togari » draga

gegn-a so. *vb.-i* – *heyra*
[-di]

– strákurinn gegnir mér ekki

‡ • gegn, gegnt, gegnum; gegna, húsgögn

ræð-a *kvk.* – *stofa*
[-u, -ur]

– hann hélt góða ræðu

‡ ræða • samræða, umræða, ræða (so) » tala
(no)

slóð *kvk.* – *mynd*
[-ar, -ir]

– slóð BRAGA er bragi.org

‡ • kynslóð » spor

vas-i *kk.* – *tími*
[-a, -ar]

– hann stingur lyklinum í vasann
– settu rósirnar í vasa!

‡

vís-a *kvk.* – *stofa*
[-u, -ur; [ef.ft.] -na]

– kórinn söng þjóðvísur

‡

gleði *kvk. et. ób.* – *reiði*

– okkur til mikillar gleði var hann
ómeiddur

‡ • gleðja

umræð-a *kvk.* – *stofa*
[-u, -ur]

– umræðan snerist um skólamál

‡ umræða • ræða (no), ræða (so), samræða

sund *hk.* – *hús*
[-s, -]

– við ætlum í sund
– þeir gengu um þröng sund
borgarinnar

‡ • sundlaug, synda

bakk-i *kk.* – *tími*
[-a, -ar]

– hann kom með kaffi og kökur á
bakka

‡

vitlaus *lo.* – *gulur 0*
[-, -t; -ari, -astur]

– ertu orðinn vitlaus maður?

‡ vitlauss • vit, laus; vita, vitund; endalaus,
vonlaus

stolt-ur *lo.* – *gulur*
[-, -; -ari, -astur]

– þú getur verið stolt af systur
þinni

‡ stoltr/stolz

möguleg-ur *lo.* – *gulur*
[-, -t; -ri, -astur]

– er mögulegt að bæta við einum?

‡ mögugligr • möguleiki « ómögulegur

ánægj-a *kvk. et.* – *stofa*
[-u]

– ég hafði mikla ánægju af þessu

‡ • nægja, (ó)ánægður, nóg